

ORKUSTOFNUN

Jarðhitadeild

ÚTLÁN
Bókasafn Orkustofnunar

SEGULMÆLINGAR VIÐ REYKJADAL

Í HRUNAMANNAHREPPI Í JANÚAR 1978

Guðmundur Ingi Haraldsson

Jóhann Helgason

ORKUSTOFNUN

Jarðhitadeild

SEGULMÆLINGAR VIÐ REYKJADAL

Í HRUNAMANNAHREPPI Í JANÚAR 1978

Guðmundur Ingi Haraldsson

Jóhann Helgason

SEGULMÆLINGAR VIÐ REYKJADAL Í HRUNAMANNAHREPPI Í JANÚAR 1978


Í nóvember 1977 var staðsett borhola í Reykjadal að undangengnum rafleiðnimælingum, sem gerðar voru sumarið 1974 (sbr. skýrslu Orkustofnunar OS JHD 7610). Borholunni var ætlað að skera misgengi, sem sést á yfirborði við Kambskeldu í skarðinu milli Bryðjuholtsmúla og Bæjaráss við Bryðjuholtsbæinn. Í ljósi niðurstaðna jarðhitaborana í nærliggjandi sveitum undanfarið þótti rétt að reyna að rekja misgengið með segulmælingum við fyrirhugað borstæði, til að kanna nánar hvort holan væri "rétt" staðsett. Óvíst var um árangur slíkra mælinga vegna þykkra yfirborðsjarðlaga við Reykjadal.


Dagana 23. og 24. janúar sl. var síðan segulmælt við Reykjadal og urðu mælilínur samtals rúmlega 5 km langar. Fyrst var mælt í skarðinu vestan við bæinn Túnsberg þar sem vitað var að misgengið liggur. Þar eru þrjár 150 m mælilínur, línur 1,2 og 3. Í skarðinu fundust tvær volgrur í dýum í mýrinni. Önnur er 12°C heit og er hún vatnsból Túnsbergs, hin er 9 1/2°C. Í túninu neðan við Reykjadalbæinn voru mældar sex 400-600 m mælilínur, línur 4-9. Loks voru mældar þrjár 600-775 m mælilínur, línur 10-12, milli hinna svæðanna tveggja, norðar við ásin, sem Túnsbergsbærinn stendur á, þar eð misgengið átti að liggja þar um.

Í línunum 1-3 kemur misgengið vel fram sem línulegt segulfrávik með stefnu N45°A. Í línunum 10-12 er mjög greinilegt línulegt segulfrávik, sem stefnir N30°A. Frávikðið er við norðurenda ássins sem Túnsberg stendur á, þar sem búast mætti við að misgengið lægi. Í línunum 4-9 kemur fram segulfrávik í þremur syðstu línunum og er það greinilegast í þeirri syðstu, dofnað norðureftir, er orðið mjög óljóst í línu 4 og sést ekki norðan hennar. Frávikðið hefur stefnuna N45°A.

Segulfrávik kemur fram þar sem vitað er af misgenginu. Þar hefur frávikðið ýmist stefnuna N45°A eða N30°A. Segulfrávik með stefnuna N45°A kemur fram í túni Reykjadal. Lína milli þessara þriggja segulfrávikanna hefur stefnuna N45°-50°A. Má því reikna með að segulfrávikðið heima við Reykjadal sýni legu misgengisins. Segulfrávikðið í túninu

liggur um 80 m austan við borplanið, sem gert hefur verið á fyrirhuguðu borstæði, sem ákveðið var í nóvember sl. Ætlunin er að hafa holuna ca. 25 m austan við misgengið (segulfrávikið). Með tilliti til þessa þarf að flytja fyrirhugað holustæði um 105 m austur með skurðinum, sem er við borplanið.



 ORKUSTOFNUN Jarðhitadeild	78.03.29.G.I.H/EK
	T-152 T-327
	Hreppar Segulm.
	F-16700

REYKJADALUR, HRUNAMANNAHREPPI
 Segulmælingar, Afstöðumynd